

**Nd.**

**208. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. þetta með nokkrum fremur smávægilegum breytingum.

Helst þeirra er sú, að borgun til sjerfræðings samkv. 5. gr. verði ákveðin af ráðherra með ráði landlæknis, eins og farið var fram á í frv. stjórnarinnar, í stað þess, að sjerfræðingi er ákveðin borgun eftir gjaldskrá hjeraðslækna í frv. eins og háttv. Ed. hefir gengið frá því. Nefndin hefir sannfært sig um, að gjaldskrá hjeraðslækna er svo lág, að enginn launalaus sjerfræðingur mundi sætta sig við borgun eftir henni. Ákvæðið mundi því óhjákvæmilega leiða inn á þá braut, að sjerfræðingi í Reykjavík yrði að greiða föst laun úr landssjóði, og hjá því vill nefndin komast.

Í 6. gr. frv. er svo fyrir mælt, að yfirlýsingar sjúklinganna um, að þeir hafi ekki efni á að greiða sjálfir læknishjálpinu, skuli senda með reikningum læknanna. Þetta ákvæði virðist algerlega ósamrímamlegt leynd þeirri um nöfn sjúklinga með kynferðissjúkdóma, sem frv. annars gerir ráð fyrir, og er 4. brtt. nefndarinnar ætlað að ráða bót á þessu.

Þá þykir nefndinni vanta í frv. ákvæði um, að sjúklingar skuli skyldir að láta lækni í tje upplýsingar um það, hvar þeir hafi tekið sjúkdóminn. Í 10. gr. frv. er lækni gert að skyldu að grenslast vandlega eftir, af hverjum og hvernig sjúklingur hafi smitast. En á sjúklinginn er ekki lögð nein skylda til að láta læknum í tje upplýsingar um þetta. Úr þessu vill nefndin bæta, og miðar 6. brtt. að því, og er nefndinni kunnugt um, að samskonar ákvæði var í hinu upphaflega frv., er samið var af nefnd úr læknafjelaginu, en meiri hluti læknafjelagsins gat ekki fallist á það.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGUM.

### 1. Við 3. gr.

Fyrir orðin »aðrir kynsjúkdómar« í 5. málsgrein komi:  
sjúklingar með aðra kynsjúkdóma.

### 2. Við 4. gr.

Fyrir orðin: »til þess að smitunarhætta« komi:  
til þess er smitunarhætta.

### 3. Við 5. gr.

Fyrir orðin: »Borgun fyrir« — til enda greinarinnar, komi:  
Hjeraðslæknum skal greidd borgun fyrir ókeypis læknishjálp samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna, en sjerfræðingi, sem falið hefir verið að veita þessa hjálpu, ber borgun eftir því, sem ráðherra ákveður með ráði landlæknis.

### 4. Við 6. gr.

Í stað orðanna: »Yfirlýsingar sjúklinganna« — til enda greinarinnar, komi:

Vottorð sjúklinganna skal læknir geyma til eftirlits fyrir landlækni, en láta reikningi sínum fylgja yfirlýsingu um, að sjúklingurinn hafi gefið vottorð samkvæmt þessari grein.

5. Við 9. gr.

Fyrir »heldur ekki« komi:  
ekki heldur.

6. Við 10. gr.

Aftan við 1. málsgrein komi:  
og er sjúklingnum skylt að láta læknum i tje alla vitneskju sína um það efni.

7. Við 11. gr.

Fyrir orðin »presti eða lögreglustjóra« komi:  
presti og lögreglustjóra.

8. Við 17. gr.

Upphaf 3. málsg. orðist svo:  
Brot á ákvæðum 10. og 14. gr. varða o. s. frv.

Alþingi, 24. mars 1923.

Jón Þorláksson,  
form. og frsm.

Magnús Jónsson,  
fundaskrifari.

Björn Hallsson.

Magnús Guðmundsson.

Gunnar Sigurðsson.